

16. desember 1976.

805

Nr. 422.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er sem hér segir:

2.1 16.37 kr/kwst.

2.2 66 438.00 kr/kW a í uppsettu afli til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

3. gr.

Verð á rafmagni til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum, elliheimilum og hliðstæðum stofnunum, til eldunar í veitingahúsum og gistihúsum og til súgþurrkunar á heyi, er sem hér segir:

3.1 11.97 kr/kwst. Lágmarksgjald er kr. 599.00 á ársfjórðungi.

4. gr.

Verð á rafmagni til vélanotkunar, er sem hér segir:

4.1 16.77 kr/kwst.

4.2 4.12 kr/kwst. og 8 089.00 kr/kW a samkvæmt mælingu miðað við 15 mín meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30kW.

4.3 25.15 kr/kwst. til vinnuvéla, vinnuljosa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

5. gr.

Verð á rafmagni til hitunar er sem hér segir:

5.1 5.07 kr/kwst. Heimilt er að krefjast lágmarksgjalds 50 700.00 kr/a.

5.2 2.39 kr/kwst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 3.18 kr/kwst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar skv. þessum lið er rofinn tvisvar sinnum á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.

5.3 1.39 kr/kwst. til húshitunar, en hún er undanþegin verðjöfnunargjaldi og sölugjaldi, og 1.85 kr/kwst. til annarrar hitunar. Straumur til hitunar skv. þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 9—21.

5.4 2.47 kr/kwst. á tímabilinu kl. 22—9 og 10.48 kr/kwst. á tímabilinu kl. 9—22 samkvæmt tvígjaldsmælingu.

B 101

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	400
Orkumælir, þrífasa	—	1 600
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	—	2 700
Aflmælir	—	2 600
Aflmælir með straumspennum	—	4 100
Tvígjaldsorkumælir	—	2 600
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	—	4 100
Móttökuliðar, einpóla	—	1 800
Móttökuliðar, þrípóla	—	2 600

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt lið 3.1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af inkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

7. gr.

7.1 **Heimtaugargjald** skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

7.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

7.3 **Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/málraun		Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr./m
63A	1-fasa	80 980	Innifalið
63A	3-fasa	87 400	—
100A	—	103 900	—
200A	—	167 470	—
315A	—	349 000	—
300kVA	—	487 740	Skv. kostnaði
500kVA	—	814 120	—
800kVA	—	1 301 870	—

7.4 **Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögð frá útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlinuheimtaug.

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald ^{1) 2)}	
			Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./st.
63A	1-fasa	14 360	2 130	27 040
63A	3-fasa	20 170	2 130	31 460
100A	3-fasa	21 390	2 750	36 050

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málaun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérspennistöð er að ræða.

- 7.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
- 7.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 7.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

8. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennit rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

9. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín meðalgildi afls.

10. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningum veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skulu ætíð liggja fyrir áætlanir um rekstur og fjárfestingar á næsta 5 ára tímabili.

11. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1000 00.

12. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 2 000.00.

13. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald kr. 2 000.00 fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

14. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt 5. grein er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkv. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 5 10. janúar 1939 til að taka gildi 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 246 28. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	100.00
Einstakir miðar, börn	—	40.00
10 miða kort, fullorðnir	—	700.00
10 miða kort, börn	—	230.00
Gufuböð	—	200.00
Leiga á handkl. og skýlum	—	80.00
Sundnámskeið, fullorðnir 20 st.	—	3 000.00
Sundnámskeið, börn 20 st.	—	1 800.00
Íþróttafélög: 16 ára og eldri 10 miðar	—	300.00
Íþróttafélög: yngri en 16 ára 10 miðar	—	180.00

Börn innan 5 ára í fylgd fullorðinna ókeypis.

Aldraðir fá alla þjónustu á ½ verði.

Öryrkjar skv. ráði trúnaðarlækna ókeypis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er felld úr gildi gjaldskrá nr. 223 31. maí 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.